

## Söndag

Höfundur texta: Kim Fupz Aakeson (Danmörku)  
Höfundur mynda: Eva Eriksson (Svíþjóð)  
Gyldendal, 2011. Var tilnefnd til Barna- og unglingsbókaverðlauna Norðurlandaráðs 2013.

Söguþráður: Við fylgjumst með drengnum Torsten (6-7 ára) í eina viku. Á hverjum degi er hann með höfuðið fullt af vangaveitum og hugsunum yfir því að verða stóribróðir. Torsten leitar ráða og skýringa í nánasta umhverfi sínu út frá hugsunum og áhyggjum barnsins, leyndum og ljósum. Málið leysist ekki fyrr en í lok vikunnar og öryggistilfinning leysir óryggi og óvissu af hólmi. Torsten talar oft við ömmu sína þessa viku. Hún hefur reynslu af því að missa og það eru ekki síst samtölunum við hana að þakka að málin fara að skýrast í huga Torstens. Hann uppgötvar að hann er elskaður skilyrðislaust og að hann er sjálfur fær um að elska. Bókin fjallar um hvernig Torsten öðlast skilning og áttar sig á stöðu sinni í lífinu. Hún gefur okkur tilefni til að tala við börn og nemendur um gildi og sambönd sem gott er að tengja við tiltekin efni í heimi barnsins og opnar spurningar upplestrarans.

Efnisorð: Fjölskyldugildi, lífið, dauðinn, söknuður, samband kynslóða og systkina, vinátta, ást, elskusemi, öryggi, reynsla og skilningur. Í bókinni koma öll þessi efni fyrir og frásögn hennar er nútímaleg, elskuleg og ljóðræn.


## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli ykkar? Hvað er strákurinn Torsten að gera?

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina, um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Um hvað er barnið að hugsa? Hvað hugsar þú um þegar þú liggur í rúminu?
3. Hefur þér liðið á sama hátt og Torsteni?



ISBN 978-952-7486-49-8

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Hvað er ást? Hvernig finnur líkaminn fyrir ást?
2. Hvern elskar þú? Hver elskar þig? Hvernig getum við sýnt að við elskum einhvern?
3. Talarðu við aðra um það sem þú ert að hugsa? Við hvern talarðu þá?
4. Um hvað geturðu talað við vini þína?
5. Teiknaðu andlitsmynd af mikilvægustu manneskjnum í lífi þínu.

### BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. eru sunnudagar öðru vísi en aðrir dagar vikunnar, hvers vegna?
3. Hvað finnst þér um söguna og myndirnar?
4. Skrifaðu ljóð um eina viku í lífi þínu.

## AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Öll með tölu. Höfundur: Kristin Roskifte. Þýðandi: Sigrún Eldjárn. Ræðið og berið saman fyrstu opnuna og kápumyndina á Söndag.

En skikkelig flink liten reingjeter. Höfundar: Anne- Grethe Leine Bientie og Meerke Laimi Thomasson Vekterli. Berið saman opnuna á blaðsíðu 22-23 og myndina af Torsten og hundinum á öftustu síðunni í föstudagskaflanum. Hvernig líður þér og hvað hugsarðu þegar þú horfir á myndirnar?

## MÁLAMOLI

### Kanntu vikudagana? Sjáðu hvað vikudagarnir heita á nokkrum tungumálum Norðurlanda.

sænska: mánudag, tisdag, onsdag, torsdag, fredag, lördag, söndag

danska: mandag, tirsdag, onsdag, torsdag, fredag, lørdag, søndag

norska: mandag, tirsdag, onsdag, torsdag, fredag, lørdag, søndag


íslenska: mánudagur, þriðjudagur, miðvikudagur, fimmtudagur, föstudagur, laugardagur, sunnudagur

færeyska: mánadagur, týsdagur, mikudagur, hósdagur, fríggjadagur, leygardagur, sunnudagur

grænlandska: ataasinngorneq, marlunngorneq, pingasunngorneq, sisamanngorneq, tallimanngorneq, arfininngorneq, sapaat

finnska: maanantai, tiistai, keskiviikko, torstai, perjantai, lauantai, sunnuntai

norðursamíska: mánnodat/vuosárga, disdat/maññebárga, gaskavahku, duorastat, bearjadat, lávvordat, sotnabeaivi



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)